
**Allt að 4.000 tonna ársframleiðsla
regnbogasilungs við Snæfjallaströnd (Sandeyri)
í Ísafjarðardjúpi á vegum Dýrfisks hf.**

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukið eldi regnbogasilungs Dýrfisks hf. í 4.000 tonna ársframleiðslu, við Snæfjallaströnd (Sandeyri) í Ísafjarðardjúpi sé ekki líklegt til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð rekstrarleyfi Fiskistofu, skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Einnig er hún háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Dýrfiskur hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. apríl 2014.

Skipulagsstofnun

INNGANGUR

Þann 20. desember 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Dýrfiski hf. um fyrirhugaða aukningu á sjókvíaeldi á regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Samgöngustofu-siglingasvið og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 25. febrúar 2014, Fiskistofu með bréfi dags. 5. febrúar 2014, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 16. janúar 2014, Matvælastofnun með bréfi dags. 10. janúar 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 13. janúar 2014, Samgöngustofu-siglingasviði með bréfi dags. 24. janúar 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. janúar 2014. Frekari upplýsingar bárust frá Dýrfiski hf. með bréfi dags. 12. febrúar 2014 og tölvupósti dags. 5. mars 2014.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Dýrfiskur hf. fyrirhugar aukningu á eldi regnbogasilungs í sjókvíum í utanverðu Ísafjarðardjúpi við Snæfjallaströnd, á svæði sem kennt er við Sandeyri og fyrir utan eyðibýlið Ytra-Skarð. Fyrir hefur Dýrfiskur hf. starfs- og rekstrarleyfi fyrir 200 tonna framleiðslu á svæðinu. Fyrirhugað er að koma fyrir 10 eldiskvíum á 360 hektara svæði. Sérhver eldiskví verður með 45.000 rúmmetra eldispoka og þéttleiki fisks að jafnaði undir 10 kg á hvern rúmmetra eldisrým. Fram kemur að eldiskvíar verða staðsettar í tveimur röðum með 5 kvíum í hvorri röð þvert á straumstefnu en í heildina festar í eina þyrpingu í kerfisfestingu, 200-400 metra frá landi þar sem sjávardýpi er 40-100 m. Sérhverri kví verði komið fyrir í rammafestingu 100 m x 100 m að stærð. Eldiskvíar verða útbúnar með bestu fánlegri tækni til að taka upp dauðan fisk, sem lágmarkar að úrgagnsefni berist í sjó. Ekki verða notuð gróðurhamlandi efni á netpokana sem geta haft neikvæð umhverfisáhrif.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila dags. 5. mars 2014 kemur fram að ríflega 15 km séu frá eldissvæðinu í Laugardalsá, sem sé stærsta laxveiðiáin í Djúpinu og tæplega 11 km séu frá eldissvæðinu að Dalsá í Unaðsdal, þar sem einungis sé lítilsháttar bleikjuveiði.

Fram kemur að til framleiðslu seiða verði flutt inn til landsins hrogn frá Danmörku, sem samræmist stöðlum um lífræna framleiðslu. Dýrfiskur hafi flutt hrogn til landsins af kynbættum sjóeldisstofni undanfarin ár og hafi seiðin reynst mjög vel við íslenskar aðstæður. Ráðgert er að setja í eldiskvíar allt að 1,75 milljón seiði á þriggja ára fresti. Seiðin verða alin í 100 gramma stærð í landeldisstöð fyrirtækisins í Norður Botni í Tálknafirði og flutt þaðan á svæðið með sérútbúnum brunnskipum. Seiðin verða sett vori í sjókvíar og alin þar og í 18 mánuði. Fiskurinn nái að jafnaði yfir 3 kg meðalþyngd eftir 18 mánaða eldistíma. Vöxtur er byggður á reynslutölum undanfarin 4 ár í Dýrafirði. Slátrun fisksins stendur yfir í um 12 mánuði og eldissvæðið við Sandeyri svo hvílt í kjölfarið í a.m.k. 6 mánuði áður en eldi hefst á nýrri kynslóð á eldissvæðinu. Hámarksframleiðsla á ársgrundvelli verður 4.000 tonn, en ráðgert er að heildarframleiðsla yfir þriggja ára tímabil verði 6.700 tonn og slátrað magn 7.000 tonn.

Fram kemur að við slátrun verði fiskinum dælt í sérútbúinn bát, þar verði fiskurinn blóðgaður og kældur um borð. Til að fyrirbyggja hugsanlegar smitleiðir verði þess gætt að ekkert blóðvatn fari í sjóinn á eldissvæðinu. Siglt verði með sláturfisk til Flateyrar, eða til Ísafjarðar og fluttur þaðan með bíl til Flateyrarþar sem fram fari slæging, flökun og pökkun, í vinnsluhúsi Arctic Odda ehf.

Fram kemur að lífrænt vottað fóður verði í fyrstu keypt frá Bretlandi en í framtíðinni sennilega frá Fóðurverksmiðjunni Laxá hf. á Akureyri. Við eldiskvíar verði komið fyrir fóðurpramma, þaðan sem fóðrinu verði blásið gegnum slöngur út í eldiskvíar. Fóður verði flutt frá Ísafjarðar- eða Súðavíkurhöfn í fóðurpramma með þjónustubát fyrirtækisins.

Fram kemur að eldissvæðið verði meira en 150 metra frá landi og falli því ekki undir skipulagslög. Hraðfrystihúsið Gunnvör (HG) hafi tilkynnt um fyrirhugaða stækkun á sinni fiskeldisstarfsemi og stefni á að framleiða allt að 7.000 af þorski og regnbogasilungi. Fáist umbeðin leyfi samþykkt stefni í að hámarksframleiðsla af eldisfiski á einstöku ári geti orðið 11.000 þús. tonn í Ísafjarðardjúpi. Samkvæmt burðarþolsmati muni það ekki hafa neikvæð áhrif á vistkerfi eða lífríki fjarðarins.

Þá kemur fram að eldissvæðið við Sandeyri sé fjarri megin veiðislóð rækju í Ísafjarðardjúpi.

Áhrif á botngerð og lífríki á botni. Fram kemur að fjarlægð frá botni eldisnótarinnar að sjávarbotni verði 10 til 70 m og það verði minnst 50 metrar á milli kvía og þannig stuðlað að því að botndýralífi verði sem minnst raskað á svæði milli eldiskvía.

Þá er greint frá athugun sem framkvæmd var á botndýralífi við Sandeyri í mars 2012, þar sem tekin voru botnsýni á fjórum stöðum. Niðurstöður botndýrarannsóknanna sýndu að burstaormsættin Spionidae var algeng á öllum stöðvum en hún var það líka í rannsókn í Ísafjarðardjúpi árið 2011. Maldanidae og Cirratulidae eru einnig áberandi á þessum stöðvum eins og var á öðrum stöðvum í Ísafjarðardjúpi. Á einni stöð fannst nokkuð af ættinni Capitellidae, en burstaormar af þessari ætt þola vel uppsöfnun næringarefna og finnast því oft í nokkru magni þar sem fiskeldi er. Á þessari stöð var dálíttill gróður og gæti Capitellidae því hafa verið þar vegna rotnunar hans. Capitellidae kemur aftur á móti sjaldan í sýni á svæðum þar sem ekki er uppsöfnun frá fiskeldi eða öðrum iðnaði.

Fisksjúkdómar. Fram kemur að ætla megi að aukinn lífmassi á svæðinu muni auka líkur á því að sjúkdómar valdi tjóni og því mun ráðleggingum dýralækna verða fylgt í hvívetna varðandi heilbrigðisstjórnun og framkvæmd eldisins. Í meginatriðum verður gripið til eftirfarandi aðgerða til að draga úr hættu á að sjúkdómar valdi áföllum eða berist út í umhverfið:

- 1) Hver kynslóð verður alin aðskilin í sérhverjum firði. 2) Samstarf verður við önnur eldisfyrirtæki í sama firði um hvíldartíma og framkvæmd eldis. 3) Fylgt verður ráðleggingum yfirdýralæknis fisksjúkdóma um bólusetningu seiða. 4) Fyrir útsetningu seiða í sjó verða öll holdarýr og vansköpuð seiði flokkuð frá öðrum. 5) Þéttleika í eldiskvíum verður haldið undir 10 kg pr. rúmmetra skv. stöðlum um lífræna framleiðslu. 6) Gott bil verður á milli kvía til að tryggja gott súrefnisstreymi og minnka hættu á ofauðgun undir eldiskvíum. 7) Skipulagi vinnu (s.s. flutningur, flokkun) verður hagað þannig að starfsemin valdi valdi lágmarks streitu á eldisfisk. 8) Verkferlar munu lágmarka hættu á að smit berist á milli eldissvæða.

Mikil áhersla verði lögð á velferð fiska, enda þekkt að stress og súrefnisskortur séu þættir sem geta veikt mótsstöðuaflið fiskisins. Sjúkdómasmit er þekkt í sjókvíaelði, en laxalús getur smitast frá villtum laxi í sjó eða frá öðrum laxeldisstöðvum. Regnbogasilungur virðist minna móttækilegur fyrir smiti á laxalús og almennt er vandamálið minna hjá þessari tegund en laxi. Ráðgert er að gera reglulega talningar á lús til að meta mögulega hættu á að hún nái að fjölga sér. Unnið verður náið í samráði við dýralækni fisksjúkdóma við skipulag smitvarna.

Áhrif á laxfiska. Fram kemur að regnbogasilungur getur ekki lifað og fjölgað sér í íslenskri náttúru. Náttúruleg heimkynni regnbogasilungs eru í Norður-Ameríku, þar sem árhítastig er mun hærra en hér á landi. Regnbogasilungur þroskar hrognin því seint að vetri og hrygnir snemma vors. Hrognin klekjast út síðsumars eða að hausti og seiðin lifa ekki af komandi vetur. Sem dæmi þá þekkist ekki að regnbogasilungur hafi myndað náttúrulegan stofn í landinu, þrátt fyrir að eldi á þessari tegund hafi verið stundað hér á landi í meira en hálfa öld.

Hættur. Fram kemur að eldisvæði eru talin góð m.t.t. flestra þeirra áhættuþátta sem hrjáð hafa íslenskt sjókvíaelði, þ.e. ölduhæð, rekis, þörungur, hitastig, ofgnótt síldar og marglyttu.

Eldissvæðið er varið fyrir veðri og vindum og því er talin lítil hættu á tjóni á búnaði í verstu veðrum. Frágangur og styrkleiki búnaðar í sjó lágmarkar tjón vegna veðurs. Öldufar í Ísafjarðardjúpi er undir áhrifum frá veðri og vindum. Nýlega var lokið við greiningu á öldurfari í Ísafjarðardjúpi m.t.t. fiskeldis. Þar kemur fram að eldissvæðið við Sandeyri er varið fyrir 2 m öldu í öllum vindáttum. Fram að þessu

hefur ekkert tjón átt sér stað í íslensku sjókvíaeldi vegna hafíss. Það er afar sjaldgæft að hafís berist inn Ísafjarðardjúpi og er vítað um tvö tilfelli sem ísspangir hafa borist inn Djúpið.

Áhrif á samfélag. Fram kemur að eldiskvíar verði merktar með ljósabaujum. Staðsetning eldissvæðisins er valin með tilliti til siglingarleiða og veiða. Sérstaklega er tekið tillit til hagsmuna rækjuveiðisjómana í Ísafjarðardjúpi. Nýleg úttekt sýnir að ekki verða neikvæð áhrif af laxeldi á umhverfi eða vaxtarskilyrði rækju í Arnarfirði og áætla má að sama gildi í Ísafjarðardjúpi. Skýr afmörkun veiða og eldissvæða lágmarkar hættu á tjóni á búnaði vegna togveiðarfæra.

Áhrif á minjar. Fram kemur að samkvæmt upplýsingum frá Kristni Magnússyni hjá Minjastofnun Íslands séu ekki upplýsingar um minjar á eldissvæðinu við Sandeyri. Svæðið hefur þó ekki verið skoðað sérstaklega í m.t.t. fornleifa, þannig að ekki er útilokað að minjar leynist á botninum. Í ljósi þessara upplýsinga mun Dýrfiskur hf. gæta þess að raska ekki minjum á áhrifasvæði framkvæmdarinnar og tilkynna Minjastofnun um minjar verði vart við þær.

Samlegðaráhrif. Fram kemur að Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. (HG) hefur stundað eldi á þorski og hefur leyfi til framleiðslu á 2.000 tonnum af þorski. HG hefur áform um að framleiða 7.000 tonnum af þorski, laxi eða regnbogasilungi. Gangi þessar áætlanir eftir má gera ráð fyrir um 11.000 tonna ársframleiðslu á laxfiskum og þorski. Það er langt undir áætluðu burðarþoli fjarðakerfisins skv. LENKA mati. Eldissvæði við Sandeyri er í meira en 5 km fjarlægð frá næstu eldissvæðum HG.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur í umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar og Minjastofnunar Íslands það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Ekki kemur fram afstaða til matsskyldu í umsögn Samgöngustofu-siglingasviðs og Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar telur sig ekki hafa forsendur til að krefjast þess að fyrirhugað eldi sæti mati á umhverfisáhrifum

Í umsögn **Ísafjarðarbæjar** kemur fram að umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar telji miður að enga stefnumörkun stjórnvalda er að finna um sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi fremur en annarsstaðar. Umhverfisnefndin telur sig ekki hafa forsendur til að krefjast þess að fyrirhugað eldi sæti mati á umhverfisáhrifum m.t.t. 3. viðauka laga númer 106/2000. Þó er mikilvægt í ljósi greinar 1.v. í 3. viðauka laganna, m.a. með tilliti til ofangreinds ágalla á íslenskri stjórnslu að því er varðar stefnumörkun á strandsvæðum utan netlaga, að gerð verði ítarleg grein fyrir áhrifum þeim sem eldið kann að hafa á hefðbundna nýtingu svæðisins s.s. fiskveiðar, rækjuveiðar og ýmsa hlunnindanýtingu og að haft verði samráð við þá nýtingaraðila um tilhögun eldisins. Jafnframt er nauðsynlegt að gert verði hættumat og viðbragðsáætlanir um viðbrögð við slysasleppingum laxfiska vegna laxveiðianna við Ísafjarðardjúpi.

Í umsögn **Fiskistofu** kemur fram að ítarlega sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri stækkun og mögulegum áhrifum framleiðslunnar á lífríki Ísafjarðardjúps í skýrslu Dýrfisks. Fiskistofa getur tekið undir það sjónarmið að hætta á því að regnbogasilungur geti erfðablandast öðrum náttúrulegum laxfiskum hér við land sé hverfandi. Einnig að Ísafjarðardjúpi sé ekki viðkvæmur viðtaki sem býr yfir mun meiru burðarþoli en hér er farið fram á. Einungis er um eina staðsetningu að ræða sem er töluvert utarlega, norðanmegin í djúpinu og ekki er staðsett á rækjuveiðislóð samkvæmt skýrslunni, ekki í alfaraleið skipa og vegalengd að næstu árósum veruleg. Það skal þó hér með áréttað, þar sem ætlunin er að hámarks framleiðsla lífmassa verði 4.000 tonn á ári á einni staðsetningu, að áhætta á sjúkdóms og sníkjudýra tengdum vandamálum munu verða nokkur. En með réttu og fyrirbyggjandi verklagi má draga verulega úr slíkri áhættu. Með tilvísun í þær áætlanir og þær niðurstöður rannsókna sem fram koma í skýrslu Dýrfisks telur Fiskistofa ekki ástæðu til að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum í samræmi við 6.gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.nr. 106/2000 m.s.b

Í umsögn **Hafrannsóknarstofnunarinnar** kemur fram að mat á burðarþoli sé byggt á LENKA viðtakamati en burðarþolsmat í Ísafjarðardjúpi hefur ekki farið fram með nýrri aðferðum.

Hafrannsóknastofnun vefengir ekki niðurstöður LENKA matsins, en telur nauðsynlegt að gert verði nákvæmara burðarþolsmat en hér er kynnt m.t.t. vaxandi áhuga á fiskeldi í Ísafjarðardjúpi og innfjörðum þess. Stofnunin telur þó að þekkt áform um eldi í Ísafjarðardjúpi (þ.e. HG og Dýrfisks) fari ekki fram úr burðarþoli Ísafjarðardjúps. Í ljósi ofangreinds telur Hafrannsóknastofnun ekki tilefni til að fyrirhugað 4.000 tonna eldi Dýrfisks við Snæfjallaströnd í Ísafjarðardjúpi sæti umhverfismati.

Hafrannsóknastofnunin bendir á að skilgreint eldissvæði sé frá 6 m til yfir 100 m, en dýpi undir 30 m henti ekki fyrir kvíar. Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að eldissvæðið sjálft sé miðað við athafnasvæði í heild sinni þar sem þarf að koma fyrir kerfisfestingum og öðrum búnaði til eldisins.

Hafrannsóknastofnunin gerir athugasemdir við straummælingar sem stuðst er við í tilkynningunni og vill fá mælingar yfir lengra tímabil og einnig á fleiri dýpum, en fellst á að straummælingar HG við Æðey styðji við niðurstöður straummælinganna við Snæfjallaströndina. Framkvæmdaraðili greinir frá því að ætlunin sé að ráðast í frekari rannsóknir á svæðinu við Snæfjallaströnd samhliða undirbúningi á eldisstarfssemi.

Í umsögn **Matvælastofnunar** kemur fram að í Ísafjarðardjúpi hafi eldi verið fyrst og fremst á formi þorskeldis s.l. áratug, en laxeldi var stundað við Reykjanes við mynni Ísafjarðar í nokkur ár á 9. áratug síðustu aldar. Ísafjarðardjúp býður upp á umfangsmikið rými til sjókvíaeldis og með nútímataekni í mannvirkjagerð þykja aðstæður á völdum stöðum að mörgu leyti hagstæðar. Út frá vistfræðilegum sjónarmiðum telur Matvælastofnun að burðargeta Ísafjarðardjúps til fiskeldis geti með góðu móti rúmað það umfang eldis sem sótt er um. Samlegðaráhrif umræddra kvíaþyrpinga í fullri framleiðslu með kynslóðaskiptu eldi, auk þeirra rekstrarleyfa sem nú eru virk, ætti ekki að yfirskríða það þanþol sem vistkerfi Djúpsins býður upp á út frá sjónarmiði fisksjúkdóma. Í ljósi ofanritaðs er niðurstaðan sú að ekki er talin þörf á að fyrirhugað sjókvíaeldi á vegum Dýrfisks í Ísafjarðardjúpi fari í sérskilt umhverfismat, þ.e.a.s. um þá þætti sem snúa að sjúkdómum.

Í umsögn **Minjastofnunar** kemur fram að fjallað sé um minjar í tilkynningu Dýrfisks hf. Eins og þar kemur fram var haft samband við Minjastofnun Íslands á meðan skýrslan var í vinnslu. Ekki eru til upplýsingar um minjar á eldissvæðinu við Sandeyri. Svæðið hefur þó ekki verið skoðað sérstaklega í leit að fornleifum þannig að ekki er útilokað að minjar finnist á botninum. Í skýrslunni segir að Dýrfiskur muni gæta þess að raska ekki minjum á áhrifasvæði framkvæmdarinnar og tilkynna Minjastofnun Íslands um minjar verði vart við þær. Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn **Umhverfisstofnunar** kemur fram að samkvæmt aðferðum um staðarval fiskeldis (BAT) er miðað við að straumur sé a.m.k. 5 cm/sek. Í aðferðum um staðarval segir einnig að ekki skuli velja eldisstöðvum stað í þröskuldsfjörðum sem hindra vatnsskipti, eða á svæðum þar sem straumur er lítill. Niðurstaða straummælinga sem fram fóru við Sandeyri sýndu að straumhraði á fyrirhuguðu eldissvæði var um 10 cm/sek. Ísafjörður er mjög djúpur fjörður opinn móti úthafi. Mesta dýpi við mynni fjarðarins er meira en 120 m og telst fjörðurinn ekki til svokallaðra þröskuldsfjarða. Samkvæmt LENKA viðtakamati gæti Ísafjarðardjúp borið allt að 43.000 tonna fiskeldi árlega, en í greinargerð kemur fram að fyrirætlanir séu nú um allt að 11.000 tonna eldi í Ísafjarðardjúpi og innfjörðum.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framleiðsluaukning á regnbogasilungi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða aukningu á eldi á regnbogasilungi úr 200 tonnum í allt að 4.000 tonn á ári í utanverðu Ísafjarðardjúpi við Snæfjallaströnd, á svæði sem kennt er við Sandeyri og fyrir utan eyðibýlið Ytra-Skarð.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með seinni breytingum. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laganna skal Skipulagsstofnun við ákvörðun um matsskylduna fara eftir viðmiðum í 3. viðauka

við lögin. Þessi viðmið eru eðli framkvæmdar, staðsetning hennar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar. Í viðaukanum er gerð grein fyrir sjónarmiðum sem ber að hafa í huga við beitingu þessara viðmiða og hefur Skipulagsstofnun horft til þeirra í málinu.

Skipulagsstofnun telur ljóst að þrátt fyrir að bætt verklag og fullkomnari búnaðar við sjókvíaeldi hafi leitt til þess að töluvert hefur dregið úr slysasleppingum frá eldiskvíum, verður aldrei hægt að koma fullkomlega í veg fyrir að fiskur sleppi úr kvíum. Ýmsir þættir geta orsakað rof á kvíum, s.s veður og hafís, en í gögnum Dýrfisks er vísað til nýlegra öldufarsmælinga sem m.a. sýna að eldissvæðið er vari fyrir fyrir 2 m öldu í öllum vindáttum og þá sé afar sjaldgæft er að hafís berist inn í Ísafjarðardjúp. Skipulagsstofnun bendir á að komi hins vegar til slysasleppinga frá fyrirhuguðu eldi Dýrfisks ber að hafa í huga að um er að ræða regnbogasilung, sem ekki er talið að geti tímgastr í íslenskum ám. Samkvæmt greinargerð Veiðimálastofnunar til Skipulagsstofnunar, dags. 28. maí 2009 vegna sjókvíaeldis í Dýrafirði, hefur regnbogasilungur ekki náð að fjölga sér hér á landi, enda ekki til náttúrulegur stofn á Íslandi. Því sé ekki hætt á að regnbogasilungur í eldi valdi hættu á erfðablöndun. Jafnframt bera taka mið af því að fyrirhugað eldissvæði uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 105/2000 sem kveður á um að sjókvíastöðvar megi ekki vera nær laxveiðiá en 5 km, sem sé með yfir 100 laxa meðalveiði miðað við tíu ár og 15 km ef meðalveiði er yfir 500 laxar.

Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram kemur í umsögn Fiskistofu um að þar sem ætlunin er að hámarks framleiðsla lífmassa verði 4.000 tonn á ári á einni staðsetningu mun áhætta af völdum sjúkdóma og sníkjudýra verða nokkur og mikilvægt að með réttu og fyrirbyggjandi verklagi verði dregið verulega úr slíkri áhættu. Hins vegar bendir Skipulagsstofnun á að fjarlægð eldissvæðisins frá næstu veiðiám uppfyllir ákvæði fyrirnefndrar reglugerðar nr. 105/2000 og að meginstaumur liggur út fjörðinn frá eldissvæðinu sem skiptir máli þegar skoðaðar eru líkur þess að sjúkdómar sem gætu komið upp í eldinu berist í ár innar í Djúpinu.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt LENKA viðtakamatinu megi gera ráð fyrir að burðarþol Ísafjarðjúps og innfjarða sé um 43.000 tonn. Í Ísafjarðardjúpi hafa nokkur fyrirtæki leyfi til að starfrækja eldi í sjókvíum. Samkvæmt heimasíðu Fiskistofu 13. nóvember 2013 og þeim upplýsingum sem Skiplagsstofnun hefur um sjókvíaeldisáform, sem hafa hafið málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum má gera ráð fyrir 7.000 tonna árseldi á vegum Hraðfrystihússins Gunnvarar (HG), 4.000 tonna ársframleiðslu Dýrfisks og 600 tonna ársframleiðslu annarra aðila. Að samantöldu má því gera ráð fyrir 11.600 tonna ársframleiðslu á eldisfiski, aðallega regnbogasilungi og þorski í Ísafjarðardjúpi.

Skipulagsstofnun er kunnugt um að til eru reiknilíkön sem spá betur fyrir um burðargetu eldissvæða í sjó en LENKA viðtakamat. Einnig hefur verið bent á að burðargeta hafsvæða sé mun meiri en LENKA gefi til kynna því tuttugu ár eru síðan viðtakamatið var sett fram og frá þeim tíma hafi endurbættar eldisaðferðir leitt til betri fóðurnýtingar og þar af leiðir minni losunar úrgangsefna frá fiskeldi. Skipulagsstofnun telur einmitt þess vegna að LENKA gefi varfærið mat á burðargetu fjarða og þar af leiðandi séu minni líkur til þess að burðarþol eldissvæða sé ofmetið. Það sé hentugt viðmið þegar meta á hvort líkur séu til þess að áformað fiskeldi í sjókvíum muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér eða ekki og ákvarða þarf um matsskyldu slíkrar framkvæmdar. Í umsögnum Hafrannsóknastofnunarinnar og Umhverfisstofnunar eru ekki gerðar athugasemdir við að miða áformað rúmlega 11.000 tonna eldi í Ísafjarðardjúpi út frá burðarþolsmati LENKA. Skipulagsstofnun telur því að fyrirhuguð eldisáform séu vel undir þeim burðarþolsmörkum sem áætluð hafa verið fyrir Ísafjarðardjúp, þ.e. 43.000 tonna ársframleiðslu. Skipulagsstofnun telur að þó beri að hafa í huga að fyrirhugað 4.000 tonna eldi gerir ráð fyrir nálægt 10% af áætluðu heildarburðarþoli Ísafjarðardjúps á einungis einu eldissvæði, sem hlýtur að auka staðbundið álag. Því megi búast búast við uppsöfnun lífrænna leifa og þar með staðbundnum neikvæðum áhrifum á botndýralíf á eldissvæðinu við Sandeyri. Með fyrirhugaðri hvíld á eldissvæðinu, sem lýst er í gögnum framkvæmdaraðila má draga úr neikvæðum áhrifum á botndýralíf og auka líkur á afturkræfni áhrifanna. Skipulagsstofnun tekur undir það mat Hafrannsóknarstofnunarinnar að nauðsynlegt sé, m.a. vegna þess að um er að ræða

eitt umfangmikið eldissvæði, að fram fari frekari straummælingar á fyrirhuguðu eldissvæði, við nánari útfærslu eldisins og vegna vöktunar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Dýrfisks hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Dýrfisks hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framleiðsluaukning á regnbogasilungi í sjókvíum Dýrfisks hf. í Ísafjarðardjúpi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar rekstrarleyfi Fiskistofu, skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Einnig eru þær háðar starfsleyfi frá Umhverfisstofnun skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Fyrirhuguð eldissvæði verða utan netlaga og falla því ekki undir skipulagslög nr. 123/2010. Skipulagsstofnun bendir á að sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi innan netlaga, þ.e. allt að 115 m frá landi miðað við stórstraumsfjöru og mannvirki sem hugsanlega verða reist síðar innan þeirra, í tengslum við starfsemina, eru bundin ákvæðum skipulagslaga.

Skipulagsstofnun vekur einnig athygli á því að komi til breytinga á þeirri starfsemi sem kynnt hefur verið í gögnum Dýrfisks hf., til dæmis staðsetningu eldissvæðis, þarf að tilkynna þær breytingar til Skipulagsstofnunar á grundvelli töluliðar 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og hljóta þær málsmeðferð skv. 6. gr. laganna.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Dýrfiskur hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. apríl 2014.

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson

Skipulagsstofnun